

Starfskjarastefna fyrir Fríhöfnina ehf.

1. Tilgangur

Starfskjarastefna Fríhafnarinnar ehf. er sett samkvæmt 54. Gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, sbr. 2. gr. laga nr. 93/2006, og byggist hún á meginreglum sem gilda um góða stjórnarhætti fyrirtækja, almennri eigandastefnu ríkisins, jafnréttissjónarmiðum langtímahagsmunum félagsins og háþöfnun arðsemi fyrir hluthafa félagsins.

Markmið Fríhafnarinnar ehf. er að laða að, hvetja og halda í hæft og gott starfsfólk og gera störf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti. Samkvæmt almennri eigandastefnu ríkisins skulu laun hjá félaginu vera samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi og taki mið af opinberu eignarhaldi.

Með starfskjarastefnu þessari vill félagið tryggja að þessum markmiðum verði náð auk þess að veita hluthöfum innsýn í stefnu félagsins varðandi starfkjör stjórnenda og stjórnarmanna.

2. Kjör stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Þóknun stjórnarmanna skal ákveðin á aðalfundi ár hvert svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga um hlutafélög.

Stjórn skal leggja fram tillögu á aðalfundi félagsins um þóknun vegna stjórnarstarfa fyrir komandi starfsár. Skal þóknunin taka mið af þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans og taka tillit til almennrar launaþróunar.

3. Starfskjör stjórnenda - framkvæmdastjórn

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra. Grunnlaun og aðrar greiðslur skulu miða að því að laða að og halda í stjórnendur með faglega þekkingu og persónulega eiginleika sem nauðsynlegir eru til að stuðla að góðum árangri fyrirtækisins. Samsetning starfskjara skal vera einföld og gagnsæ.

Grunnlaun skulu endurskoðuð árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati á frammistöðu og launaþróunar á Íslandi.

Við gerð ráðningarsamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra en framkvæmdastjóri ræður aðra stjórnendur í samráði við stjórn félagsins.

4. Kaupaukar

Stjórn er heimilt að greiða stjórnendum og starfsfólki árangurstengda kaupauka og skulu þeir miðast aðallega við heildstætt frammistöðumat viðkomandi. Slík breytileg laun, önnur en föst laun, skulu vera í eðlilegu hlutafalli við laun viðkomandi og skulu ekki vera hærri en sem nemur einum mánaðarlaunum á ári.

V.M.
AMG

5. Upplýsingagjöf

Gera skal grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársskýrslu félagsins.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

6. Samþykkt starfskjarastefnu

Þessi starfskjarastefna Fríhafnarinnar ehf. er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess, mæli lög ekki fyrir um annað, og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að ofan. Starfskjarastefnan skal samþykkt á aðalfundi félagsins með eða án breytinga. Hafi verið vikið frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skal stjórn félagsins færa slík frávik til bókar í fundargerðarbók ásamt rökstuðningi. Skal og gera næsta aðalfundi grein fyrir slíkum frávikum.

Þannig samþykkt á aðalfundi Fríhafnarinnar ehf. 2022

Vilhinn M. M. M.
Janna K.
Elin Aronard